

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

13. febrúar 2014

Ágætu foreldrar/forráðamenn

Nú er aftur orðið fullskipað hjá okkur eftir fjarveru 9. og 10. bekkjar í síðustu viku. 9. bekkur átti frábæra dvöl á Laugum og 10. bekkur var í starfskyningu sem þeir höfðu gagn og gaman af.

Starfið framundan:

Starfsdagur kennara.

Mánudaginn 17. febrúar verður starfsdagur kennara og er því frí hjá nemendum þennan dag.

Foreldraviðtöl

Seinni foreldraviðtöl vetrarins verða fimmtudaginn 20. febrúar. Þann dag fara nemendur heim á hádegi. Umsjónarkennarar senda út nánari skipulagningu fyrir daginn þegar nær dregur.

Leiðsagnarmat

Fyrir foreldraviðtölin á fimmtudaginn óskum við eftir að nemendur og foreldrar taki þátt í leiðsagnarmati á Mentor. Leiðsagnarmat gengur út á að foreldrar setjist niður með börnunum sínum og aðstoði þau við að meta frammistöðu sína í náminu auk þess að svara spurningum er varða líðan, hegðun og fleira. Leiðsagnarmatið verður opið frá og með morgundegnum, 14. febrúar, til næsta þriðjudagskvölds, 18. febrúar. Þið þurfið því að finna tíma á þessu tímabili til að vinna matið. Leiðsagnarmatið verður síðan lagt til grundvallar umræðunni sem verður í foreldra- og nemendaviðtölum 20. febrúar.

Teknar hafa verið saman eftirfarandi leiðbeiningar sem við vonum að komi ykkur að gagni við skráninguna:

1. Farið inn á mentor.is og skráið ykkur inn.
2. Veljið leiðsagnarmat, vinstra megin á síðunni.
3. Veljið Leiðsagnarmat-2014 og hóp barnsins (smellið á skrifblokkina sem er hægra megin við stækkunarglerið).
4. Nú ættuð þið að geta skráð matið. Athugið að til þess að skrá smellið þið í viðeigandi reit en eftir því sem þið smellið oftast þá breytist merkingin í reitunum. Það er alltaf hægt að breyta skráningu í hverjum reit með því að smella oftast á reitinn.
5. Þegar þið hafið lokið skráningunni smellið þið á uppfæra (á stiku neðst á síðunni).

Ef þið hafið glatað lykilorðinu fyrir Mentor eða viljið nánari upplýsingar eða leiðsögn getið þið haft samband við Bjarka í síma 453 7344 eða umsjónarkennara barnsins í sama síma.

Nýsköpunarvika

Vikuna 24. – 27. febrúar og mánudaginn 3. mars fer hluti af skóladeginum í nýsköpunarvinnu.

Nemendum verður skipt niður í hópa eftir stigum. Mánudaginn í vikunni á eftir verður haldin sýning á verkum nemenda.

Nýsköpunarsýning og foreldrafundur

Mánudaginn 3. mars kl.15:30-16:30 verður sýning hjá nemendum skólans á verkum sínum frá því í nýsköpunarvikunni. Að sýningunni lokinni kl.16:45 verður foreldrafundur þar sem foreldrum verða kynntar nýjar og breyttar áherslur í aðalnámsskránni. Sent verður út bréf sem útskýrir nánar tilganginn með foreldrafundinum.

Skíðaferð

Föstudaginn 28. febrúar verður skíðaferð hjá öllum skólanum upp í Tindastól. Farið verður strax að morgni kl.8:40. Áætlað er að leggja af stað úr fjallinu bilinu kl.12:30-13. Nemendur fá nesti með sér frá skólanum og snæddur verður léttur hádegismatur áður en lagt er af stað heim. Hægt er að leigja skíðaútbúnað í fjallinu en það er ekki til nóg fyrir alla svo þeir sem eiga búnað þurfa að taka hann með, einnig viljum við biðja foreldra um að láta skólann vita ef þeir eiga skíðaútbúnað sem þeir væru tilbúnir að lána nemendum í ferðina. Kostnaður liggur ekki fyrir en skýrist síðar.

Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi